



- Aðalfundur Staðlaráðs -

Íslensk fyrirtæki vakni

Aðalfundur Staðlaráðs var haldinn í Maí. Víglundur Þorsteinsson var þar endurkjörinn formaður til tveggja ára. Í ræðu sem formaðurinn hélt á fundinum fagnaði hann nýjum lögum um Staðlaráð sem samþykkt voru á þessu ári. Nýju löggin eru ávöxtur stefnumótunar sem fram fór á liðnu ári og munu að mati formannsins renna styrkari stoðum undir faglegt starf Staðlaráðs. Víglundur gerði íslensk fyrirtæki og Evrópu einnig að umtalsefni.

Auknar kröfur

Formaðurinn telur brýnt að vekja íslensk fyrirtæki til vitundar um nauðsyn þess að taka þátt í staðlastarfi og að nota staðla. Fyrirtækin verði að gera sér grein fyrir þeim auknu kröfum sem gerðar eru til þeirra og framleiðslu þeirra, m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef íslensk fyrirtæki ætla að vera samkeppnishæf á markaðnum verða þau að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru en verða undir í samkeppninni ella. Ljóst er að smæð fyrirtækja hér á landi mun gera að verkum að þau geta ekki öll uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar. Það mun leiða til sameiningar fyrirtækja.

Þátttaka í staðlastarfi

Stjórn Staðlaráðs hefur rætt um að auka virkni atvinnulífsins í staðlastarfi og reyna að fá fyrirtæki til að taka í auknum mæli þátt í starfi fagráðanna. Markmiðið er að gera atvinnulífinu ljóst að það þjónar hagsmunum þess að starfa innan Staðlaráðs og hafa áhrif á staðlastarfi. Nú þegar eru starfandi þrjú fagráð á vegum Staðlaráðs, Byggingarstaðlaráð, Fagráð í upplýsingatækni og Rafstaðlaráð. Skoða verður hvort ekki sé



Víglundur Þorsteinsson, formaður Staðlaráðs Íslands.

ástæða til að stofna fleiri fagráð, eins og t.d. á stóriðjusviðinu, í ljósi þeirra framkvæmda sem eru hafnar hér á landi. Síðan er óþægður akur á heilbrigðissviðinu, t.d. í lyfja- og stoðtækjajaiðnaði. Einnig er nauðsynlegt að efla þjódarvitund um mikilvægi staðla og mun Staðlaráð reyna að finna eða útbúa heppilegt kynningarefni til þess.


Vitundarvakning

Formaður sagði mörg brýn verk að vinna í staðlastarfinu en ljóst væri að það yrði að verða vitundarvakning hjá íslenskum fyrirtækjum varðandi afstöðu þeirra til staðlastarfs.

Fyrirtæki og stofnanir sem hafa áhuga á að taka þátt í staðlastarfinu geta snúið sér til Staðlaráðs. Eins og áður sagði eru starfandi þrjú fagráð á vegum Staðlaráðs. Einnig eru settar á laggirnar tækninefndir um einstök verkefni sem ekki falla undir verksvið fagráðanna þriggja.

Handbókin frá ISO
í íslenskri þýðingu

ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn



Með bókinni fá fyrirtæki notið leiðsagnar þeirra sem áttu stærstan þátt í gerð ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna og gerst þekkjja hvernig taka á upp gæðastjórnunarkerfi byggt á ISO 9001:2000.

Pantaðu á www.stadlar.is

Áhrif í Evrópusamstarfi - bls. 4

Handbók um ISO 9001 - bls. 3

Leynardómar forskeytanna - bls. 2

- Gott að vita -

Leyndardómar forskeytanna

Forskeyti staðla eru skammstafanir. ÍST er skammstöfun fyrir „íslenskur staðall“, EN skammstöfun fyrir Europäische Norm uppá þýsku. BS fyrir British Standard, ISO fyrir International Standards Organisation, DS fyrir Dansk Standard og svo mætti áfram telja. Forskeytin gefa til kynna hvaða lönd eða staðlasamtök hafa tekið viðkomandi staðal upp og í hvaða röð það gerðist.



Forskeyti staðla gefa til kynna hvaðan staðall er upprunninn og hverjir hafa tekið hann upp.

Evrópskir og íslenskir

Flestir íslenskir staðlar hafa samsett forskeyti, ÍST og EN. Dæmi: ÍST EN 1176-1 *Leikvallatæki – 1. hluti: Almennar öryggis-kröfur og prófunaraðferðir* (Takið eftir að númer staðalsins er samsett, þ.e. talan 1 á eftir bandstrikinu er svonefnt hlutanúmer, sem þýðir að staðallinn er hluti fleiri staðla í sömu staðlaröð). Forskeytið ÍST EN þýðir að staðallinn er Evrópustaðall sem staðfestur hefur verið sem íslenskur staðall, ÍST. Þeir staðlar sem aðeins hafa forskeytið ÍST eru séríslenskir staðlar, eða íslenskir þjóðarstaðlar.

Staðlar sem hafa eingöngu forskeytið EN, eru Evrópustaðlar sem hafa ekki enn verið staðfestir sem íslenskir staðlar. Ekki mega líða meira en 6 mánuðir frá því EN staðlar eru samþykktir þar til þeir eru staðfestir af Staðlaráði Íslands sem íslenskir staðlar.

Áður en frumvarp að staðli fær forskeytið EN, hefur það forskeytið prEN, sem þýðir

einfaldlega að um frumvarp að Evrópustaðli sé að ræða, en ekki samþykktan staðal. „pr“ stendur fyrir „proposal“. Tíminn sem líður frá því að frumvarp, prEN, er auglýst til um-sagnar þar til það er samþykkt sem staðall, EN, getur verið frá 10 mánuðum til margra ára, og sum frumvörp verða aldrei að staðli. Eins og áður sagði fá öll frumvörp sem samþykkt eru sem EN-staðlar að lokum forskeytið ÍST. Frumvarp að séríslenskum staðli hefur forskeytið frÍST. „fr“ stendur fyrir frumvarp.

Aðrir staðlar

Það er til í dæminu að þjóðarstaðlar annarra þjóða séu teknir upp sem íslenskir staðlar. Þannig var breski staðallinn ÍST BS 7799-2:1999 *Stjórnun upplýsingaöryggis – 2. hluti: Forskrift fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis*, tekinn upp sem íslenskur staðall. Það skýrir forskeytið BS, sem stendur fyrir British Standard líkt og ÍST stendur fyrir íslenskur

staðall. Forskeyti frumvarps þessa staðals var frÍST BS. Alþjóðlegur staðall, ISO, sem tekinn væri upp sem íslenskur staðall myndi fá forskeytið ÍST ISO. Alþjóðlegur staðall sem gerður væri að evrópskum staðli fengi öll forskeytin þrjú. Dæmi um það er ÍST EN ISO 9001:2000 *Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur*. Í Danmörku heitir sami staðall DS EN ISO 9001 *Kvalitetsstyringssystemer – Systemkrav*.

Að vísa í staðla

Þegar vísað er í staðal er venja að tiltaka forskeyti staðalsins, númer, útgáfuár og þá heiti. Dæmi: ÍST 51:2001 *Byggingarstig húsa*. Forskeytið er ÍST, númerið er 51, útgáfuárið er 2001 og heitið er Byggingarstig húsa. Athugið að oft er útgáfuár staðals ekki til-tekið. Er þá gengið út frá nýjustu útgáfu hans hverju sinni. Það er góð venja. Með því móti úreldist tilvísunin síður.

- Pantaðu staðla á netinu -

www.stadlar.is

Einfalt, fljótlegt og tryggir best að pantanir komist til skila

- Handbók um gæðastjórnun frá ISO -

ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki

Handbókin um ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki hefur verið endurskoðuð og uppfærð. Þessi önnur útgáfa er ómissandi leiðsögn um ISO 9001:2000 gæðastjórnunarstaðalinn. Í bókinni eru leiðbeiningar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki um hvernig má skipuleggja og stýra gæðum vöru og þjónustu til að uppfylla betur kröfum markaðarins og væntingar viðskiptavina.

Í íslenskri þýðingu heitir bókin *ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki - Leiðsögn*. Meginkaflarnir eru þrír:

- Gæðastjórnunarkerfi

Í kaflanum er að finna almennar upplýsingar um gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001.

- Hvernig á að byrja

Kaflinn geymir hagnýtar ráðleggingar varðandi þá kosti sem fyrirtæki eiga ef ætlunin er að taka upp gæðastjórnunarkerfi.

- Leiðsögn um ISO 9001

Þessi kafli er stærsti hluti handbókarinnar. Hér er að finna meginmálið úr ISO 9001 staðlinum sjálfum. Jafnframt er leiðsögn um efnið til að auka skilning á kröfunum, ásamt dæmum og tillögum um hvernig megi uppfylla kröfum.

Peir sem gerst þekktja

Með bókinni geta fyrirtæki notið leiðsagnar og ráðleggingar þeirra manna sem áttu stærstan þátt í gerð ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna og gerst þekktja hvernig taka á upp gæðastjórnunarkerfi byggt á ISO 9001:2000. Það er mikilsvert að með bókinni fá notendur túlkun á kröfum staðalsins frá þeim sem sömdu ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlana. Engir eru betur í stakk búnir að segja til um „hvað átt er við“ en einmitt þeir. Bókin er því ómetanlegt stuðningsefni við kjarnastaðlana fjóra í ISO 9000 röðinni; ISO 9000, 9001, 9004 og 19011.



Sveinn V. Ólafsson verkfræðingur, Staðlaráði Íslands.

Það er von Staðlaráðs Íslands að þessi handhæga bók muni hjálpa og styðja við innleiðingu gæðastjórnunarkerfa í fyrirtækjum hérlendis. Það er vissulega vilji höfundu hennar.

- Nýr staðall -

Íslenskur staðall um lykt

Ekki er nokkur vandi að vita hvort Emaður er í fýlu. Þó er mat á lykt ákaflega huglægt. Fyrir dómstólum og við mat á umhverfisáhrifum væri til að mynda betra ef hægt væri að leggja hlutlægan mælikvarða á lykt. Það er einmitt það sem nýr evrópskur staðall leitast við að gera. Staðallinn verður staðfestur sem íslenskur staðall innan skamms og mun þá væntanlega heita ÍST EN 13725 *Gæði andrúmslofts - Ákvörðun um þéttleika lyktar með virkum lyktarmæli*, eða eitthvað í þá áttina.

Lyktareiningar á m³

Í stuttu máli skilgreinir staðallinn viðmiðun-

argildi lyktarþéttni, EROM (European Reference Odour Mass). Þá er því lýst hvernig þjálfaðir matsmenn með sérhæfða lyktarmæla leggja mat á lofttegund sem er smám saman smítuð meir og meir með þeirri lykt sem er til rannsóknar, allt þar til viðmiðunargildi lyktarþéttinnar er náð. Það er, þar til mælar og menn sýna sömu viðbrögð og við viðmiðunarlyktinni, EROM. Að því búnu er þéttleiki lyktarinnar sem er til rannsóknar reiknaður út og honum lýst í lyktareiningum á rúmmetra, ou_E/m³.

Hér er ekki verið að mæla hvort lykt sé góð eða vond. Aðferðin er notuð til að mæla hversu mikil eða lítil tiltekin lykt er.



Lykt af sígarettureyk er eftir atvökum góð eða vond, en hún er mælanleg



- Staðlar og stjórnsýsla -

Áhrif Íslands í Evrópusamstarfi

Staðlar og stjórnsýsla hafa átt samleið frá örófi alda. Þó hefur staðlastarf og notkun staðla aldrei verið mikilvægari en einmitt nú á tímum náinnar Evrópusamvinnu og alþjóðavæðingar. Staðlar einkenna nútímastjórnsýslu og löggjafarstarf og eru oft forsenda skilvirkra laga og reglna. Mikilvægi staðlasamstarfsins í Evrópu fyrir Ísland verður seint ofmetið.

Skilvirk og lýðræðisleg aðferð

Tilskipanir Evrópusambandsins á ýmsum sviðum er varða innri markaðinn eða Evrópska efnahagssvæðið, eru grundvallaðar á stöðlum. Tilskipanirnar hafa að geyma ófrávikjanlegar grunnkröfur um að vara sé örugg í notkun og valdi hvorki heilsutjóni né umhverfisspjöllum. Síðan er vísað í samræmda Evrópustaðla (EN) um nánari útfærslu á kröfunum. Ávinningurinn af þessu er annars vegar sá að rutt er úr vegi svo nefndum tæknilegum viðskiptahindrunum. Hindranirnar fólust í því að mismunandi reglur og staðlar giltu í hverju Evrópulandi fyrir sig og þurftu framleiðendur að laga vörur sínar að mismunandi kröfum eftir því til hvaða lands varan var seld. Ávinningur stjórnsýslunnar er sá að löggjöfin verður

skilvirkari og í takt við tækniþróun á hverjum tíma. Með því að vísa í staðla er framleiðendum, neytendum og öðrum hagsmunaaðilum látið eftir að útfæra í smáatriðum hvernig kröfur tilskipananna eru uppfylltar, því það eru hagsmunaaðilar – ekki stjórnvöld – sem búa til staðlana. Uppfylli tiltekin vara þá staðla sem vísað er til í tilskipuninni, líta stjórnvöld svo á að varan uppfylli kröfur tilskipunarinnar. Grunnkröfur tilskipananna standast þar með betur tímans tönn og staðlarnir, útfærsluatriðin, eru í stöðugri endurskoðun. Löggjöfin verður því allt í senn lýðræðislegri, einfaldari og skilvirkari en ella. Þetta verklag hefur verið kallað „Nýja aðferðin“.

Leið til áhrifa

Það eru hagsmunir íslenskra stjórnvalda að stuðla að öflugri þátttöku landsins í evrópsku staðlasamstarfi. Íslendingar eru fullgildir aðilar að staðlasamstarfinu og þar liggur greið leið til að hafa áhrif á útfærslu evrópskra tilskipana sem skylda er að innleiða í íslenska löggjöf. Með því að nota *Nýju aðferðina* við innlent löggjafarstarf og útgáfu reglugerða gerir stjórnsýslan sér jafnframt auðveldara fyrir og getur bætt gæði starfs síns til muna.



Þátttaka í staðlasamstarfi gerir Íslendingum mögulegt að hafa áhrif á útfærslu Evróputilskipana.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú tekur lyftuna

Staðallinn ÍST EN 81-01 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum - 1. hluti: Rafmagnslyftur, er einn margra staðla sem varðar öryggismál í lyftum.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.